

SANDUR Í KJÓSARHREPPI

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA UPPBYGGINGAR



GYLFI HELGASON

REYKJAVÍK 2022
FS885-22251

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Þrívíddarkort sem sýnir úttektarsvæðið og nærumhverfi þess. Gula línan er afmörkun úttektarsvæðis, horft til suðurs.

Kort: Gylfi Helgason

©2022

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar í landi Sands í Kjósarhreppi. Skráningin var unnin fyrir landeiganda vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar innan 11 ha svæðis. Úttektarsvæðið er austan við Sandá. Eldra bæjarstæði Sands var innan úttektarsvæðis en bærinn var færður vegna skriðu fyrir 1705.

Aðalskráning unnin fyrir jörðina árið 2008 en við deiliskráningu vorið 2022 voru minjar mældar upp með nákvæmum hætti og úttektarsvæðið þaulgengið í leit að áður óþekktum minjum. Alls voru skráðar 2 minjar innan svæðisins, annars vegar staðsetning gamla bæjarstæðisins sem ekki sjást nein ummerki um og varða sem líklegast er fremur ung.

Efnisorð

Fornleifaskráning, uppbygging, býli, varða, Sandur, Kjósarhreppur

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in the spring 2022 within a 11 ha assessment area at the farm Sandur in Kjósarhreppur (SW-Iceland). The survey was done in advance of a planned development and was carried out for the landowners. The assessment area is east of river Sandá. The earliest known location of the farm Sandur was within the assessment area, but the farm was moved to present location when a landslide hit the farm sometimes before the year 1705.

Additionally, to the location of the old farm (where no surface remains can be seen) a single archaeological site was identified within the area, a cairn.

Keywords

Archaeology, detailed survey, development, farm, cairn, Sandur, Kjósarhreppur

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	6
2	SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	8
3	AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	10
4	FORNLEIFASKRÁ.....	12
5	FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSSVÆÐIS.....	14
	HEIMILDASKRÁ.....	16


VIÐAUKI

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1 Inngangur

Í vorbyrjun 2022 fór Efla þess á leit fyrir hönd landleiganda Sands að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér skráningu fornleifa á um 11 ha svæði á jörðinni Sandi í Kjósarhreppi vegna fyrirætlaða um uppbyggingu innan svæðis. Úttektarsvæðið er austan við Sandá og vestan við aðkomuveg að bænum Sandi. Eldri bær jarðarinnar var innan úttektarsvæðið en bærinn var færður vegna skriðu



Mynd 1. Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis og staðsetningu þess á innfelldu Íslandskorti frá Loftmyndum ehf fyrir 1705.¹ Í örnefnaskrá er hins vegar talið að áin hafi tekið gamla bæinn² (sjá mynd 1).

Árið 2008 voru minjar í Sandi aðalskráðar sem hluti af aðalskráningu sveitarfélagsins Kjósarhrepps.³ Við þá skráningu var gamla bæjarstæðið skráð innan marka deiliskipulags en ekki aðrar minjar. Þegar farið var aftur á vettvang í maí 2022 var svæðið gengið kerfisbundið í leit að áður óþekktum minjum og fannst þá ein fornleif til viðbótar.

¹ JÁM III, bls. 404

² Ö-Sandur, bls. 2

³ Birna Lárusdóttir 2008.



Mynd 2 og 3. Myndir sem sýna landshætti innan svæðisins. Vinstri myndin sýnir grasivöxnu flötina á norðurhluta svæðisins, horft til suðurs. Til hægri er mynd af einum af sumarbústaðum og bakgarði innan úttekarsvæðis, horft til suðvesturs.

Deiliskipulagsreiturinn er í dalsbotni og að talsverðu leyti á grónum áreyrum (austurhlutinn) sem eru sléttur og hálfgrónar. Innan þess eru þegar tveir sumarbústaði og skjólgarðar.

Um skráningu, skýrslugerð og kortavinna sá Gylfi Helgason. Allar ljósmyndir í skýrslunni voru teknar af Gylfa. Skýrsla þessi byggð upp á svipaðan hátt og deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um skráningarkerfi FSÍ og aðferðir og í þeim fjórða er skrá yfir fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta og síðasta kaflanum er umfjöllun um fornleifar innan úttektarsvæða og helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði (ISN93) og minjakort.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenszka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og óskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum

þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-342:001). Þær minjar sem skráðar voru vorið 2022 eru allar innan marka lögbýlisins Sands (GK-342). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan marka skipulags. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagaðblettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að

umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Skýringarmynd. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4 Fornleifaskrá

GK-342 Sandur

Sögulegar heimildir

1686: Jarðarinnar fyrst getið í heimildum 1686, þá var hún metin á 10 hndr., bændaeign, samkvæmt **BL**, bls. 134.

1695: 10 hndr., bændaeign, samkvæmt **BL**, bls. 134.

1705: 10 hndr., bændaeign, samkvæmt **JÁM III**, bls. 403.

1847: 10 hndr., bændaeign, samkvæmt **JJ**, bls. 101.

1687, 17. október: „Eftir bréflegum myndugleika þeirra hjóna, Vigfúsar Magnússonar og Vigdísar Pálsdóttur, selur Vigfús Guðmundsson Sigurði Vilhjálmsyni alla jörðina Sand í Kjós, 10 hndr. að dýrleika. En Sigurður selur þeim hjónum í mót hálf Blönduholt í Kjós, 6 hndr.“ **Jarðabréf**, bls. 20.

1705: „Tún eru nær engin, því öll hin fornu eru eyðilögð af skriðum og vatni, og varð fyrir þeim háska bæinn af hinum fornum tóftum að færa.“ **JÁM III**, bls. 404.

Landkostir

1917: Tún 3,5 teigar, mestallt slétt, garðar 1100m².

1705: „Tún eru nær engin, því öll hin fornu eru eyðilögð af skriðum og vatni og varð fyrir þeim háska bæinn af honum fornu tóftum að færa. Landþröng er mikil. Á hin sama brýtur árlega og fordjarfar engið, túnið og það lítið, sem verið er að rækta. Ekki má óhætt kalla bænum þar sem nú er hann fyrir skriðum og snjóflóðum. Sandfjúk spillir túni og engjum.“ **JÁM III**, bls. 404-405.

Í Jarðabók Árna og Páls 1705 segir: „Tún eru nær engin, því öll hin fornu eru eyðilögð af skriðum og vatni og varð fyrir þeim háska bærinn af honum fornu tóftum að færa. Landþröng er mikil. Á hin sama brýtur árlega og fordjarfar engið, túnið og það lítið, sem verið er að rækta. Ekki má óhætt kalla bænum þar sem nú er hann fyrir skriðum og snjóflóðum. Sandfjúk spillir túni og engjum.“ Í örnefnaskrá segir: „Gamli bærinn var norður við á, en áin tók hann. Þá var hann fluttur heim á fjárhússtæði.“ Magnús Sæmundsson, heimildamaður, frá Eyjum hefur heyrt að bærinn hafi staðið á túni sem er norðan við Sandsá, um 380 m norðan við yngri bærarstæði 001 og 160 m austan við vörðu 023. Þar sem bærinn stóð er nú akvegur að núverandi bærarstæði jarðarinnar. Rétt norðan við veginn er sumarbústaðir og þar er búið að rækta svolítið af trjám.



Svæðið þar sem líklegast er að gamli bærinn hafi staðið, horft til norðurs.

Engin ummerki sjást um bæjarhól eða rústir á þeim slóðum sem talið er að bærinn hafi staðið. Að sögn Magnúsar var Sandsáin mjög óstýrilát á árum áður og flæddi gjarnan stjórnlaust yfir tún og engjar þegar mikið var í henni. Nú hefur farvegurinn verið dýpkaður og lagaður til. Sennilega hefur eldri farvegur verið austar en nú er og þá austan við umrætt tún, enda myndi Sandsáin vera eðlilegustu landamerkin milli Sands og Eyja en þau liggja nú austan við hana.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, bls. 404; Ö-Sandur, bls. 2; Birna Lárusdóttir (2008), bls. 104



Varða 023, horft til suðausturs

Varða er 375 m NNV við bæ 001 og 160 m vestan við gamla bærarstæði jarðarinnar Sands 002. Varðan er sennileg of ung til þess að teljast til fornleifa samkvæmt laganna bókstaf en fékk að njóta vafans í skráningunni. Hún er á sléttu grasivaxinni flöt. Umhverfis vörðuna eru ung barrtré.

Varðan er 0,4 m á hæð og 0,6 m á kant. Hún er hlaðin úr blöndu af smágrýti og stæðilegum steinum og má telja allt að 8 steina í henni. Stórt grjótt er efst á vörðunni. Óvíst með hlutverk en hún er ekki á þekktum merkjum eða við leið. Ekki er ólíklegt að varðan hafi eingöngu verið hlaðin til dægrastyttingar.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

5 Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis

Skráning forminja innan fyrirhugaðrar uppbyggingar í landi Sands í Kjósarhreppi var unnin snemma vors 2022. Samtals reyndust tvær minjar innan svæðisins (tafla 1). Hér fyrir neðan verður fjallað stuttlega um fornleifarnar en í viðauka II er minjakort af svæðinu.

Samtala	Minjæiningar	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat
GK-342:002	1	Sandur	Heimild	Bústaður	Stórhætta
GK-342:023	1		Varða	Óþekkt	Stórhætta

Eldra bæjarstæði jarðarinnar var áður við norðvesturjaðar úttektarsvæðisins (GK-342:002), rétt norðan við núverandi árfarveg Sandsár. Engin ummerki sjást um bæjarhól eða rústir á þessum slóðum en ekki er hægt að útiloka að einhver mannvist leynist undir sverði þótt þau séu þá líklega mikið röskuð vegna bygginga sumarhúsa og trjáræktar á þessum slóðum. Að sögn Magnúsar Sæmundssonar, heimildamanns, var Sandsáin mjög óstýrilát á árum áður og flæddi stjórnlaust yfir tún og engjar þegar mikið var í henni. Búið er að dýpka og laga árfarveginn. Mjög líklega hefur eldri farvegur verið austar en nú er og þá austan við umrætt tún, enda myndi Sandsáin vera eðlilegustu landamerkin milli Sands og Eyja en þau liggja nú austan við hana.

Á svæðinu var einnig skráð sæmilega hlaðin varða (GK-342:023), nokkru vestan við gamla bæjarstæðið. Varðan virðist fremur ungleg og ekki er ólíklegt að hún sé of ung til þess að teljast til fornleifa samkvæmt laganna hljóði sem miðar við 100 ára aldur. Hún virtist þó eldri margar af þeim óverulegu vörðum eða vörtum sem fundust víða um svæðið og af þeim sökum var hún látin njóta vafans og tekin með á fornleifaskrá.

Talsverður fjöldi af því sem virtist nýlegar grjóthrúgur eða vörður var innan svæðis. Þessi mannvirki voru ekki talin til fornleifa og ekki skráðar sem slíkar. Þær voru flestar á suðurhluta svæðisins og virðast þær nær allar hafa verið nýttar í girðingagerð umhverfis lóðir (mynd 4).

Báðar þær minjar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda eins og er almenn vinnuregla með minjar innan deiliskipulagsmarka framkvæmdasvæða. Mikilvægt er þó að nefna að þótt minjar séu metnar í stórhættu þýðir það ekki að rask á þeim sé óhjákvæmilegt heldur aðeins að sá möguleiki sé fyrir hendi þegar kemur til framkvæmda og því þurfi að gæta að þeim. Í lokinn er rétt að minna á að þrátt fyrir að skráðar hafi verið allar þær minjar sem þekktar eru úr heimildum og/eða yfirborðsummerki fundust um er alltaf



Mynd 4: Kortið sýnir hluta af ungum grjóthrúgum/vörðum sem teljast ekki til fornleifa og voru því ekki skráðar. Þær eru annað hvort hlaðnar upp sem staur við vírgirðingu eða mjög nálægt mannvirkjum og hafa sýnilega verið hlaðin til dægrastyttingar. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

hugsanlegt að óþekktar minjar að komi í ljós við framkvæmdir. Þetta er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga í og við gamla bæjarstæði jarðarinnar því reynslan hefur sýnt að minjadreifing er hvergi eins þétt eins og í nágrenni gamalla bæjarstæða. Komi áður minjar í ljós við framkvæmdir þarf að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er. Það er Minjastofnunar að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda. Minjastofnun mun einnig setja fram endanleg skilyrði um mótvægisáðgerðir þar sem fornleifar reynast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Heimildaskrá

BL: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur, Gleerup.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* I–XV. bindi. 1857–1972.

Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

JÁM III: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 1923-1924.

III. bindi. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/2012.

Birna Lárusdóttur (ritstj.). 2008. *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I: Þorlákssstaðir, Blönduholt, Þúfa,*

Þúfukot, Eyri, Eyrar-Uppkot, Eyrar, Útkot, Kiðafell, Möðruvellir, Írafell, Bær, Meðalfell,

Meðalfellskot, Eyjar, Eyjahóll, Flekkudalur neðri, Sandur, Neðri-Háls, Hvammur og

Hvammsvík. FS394-07121. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Ö-Sandur: Örnefnalýsing Sands. [Án árs]. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna

Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamaður

Magnús Sæmundsson, Eyjum II (f. 1934).

Hnitaskrá ISN93

Auðkenni	Austur	Norður
GK-342:002	376820	424316
GK-342:023	424310	428684

Minjakort

